Brèf landshöfðingjans (til amtmannsins yfir suðr- og vestrumdæminu). **36** 26tta nóvbr.

Með brèfi frá 7. þ. m. hefir ráðgjafinn fyrir Ísland tilkynt mèr, að hans hátign konungrinn hafi 6. s. m. allramildilegast samþykt að manntalsbókargjöld í Gullbringusýslu og Reykjavíkrkaupstað verði eptirleiðis greidd eptir meðalverði allra meðalverða, en hingað til hafa þau, eins og kunnugt er, verið goldin eptir verðlagi á hörðum fiski.

Þetta er hjer með tjáð yðr herra amtmaðr til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar.

Brèf landshöfðingjans (til bæjarfógetans í Reykjavík). **37** 26tta nóvbr.

Tilkynt, að ráðgjafinn fyrir Ísland hafi 7. þ. m. samþykt, að Reykjavíkr bæ verði veitt 10,000 króna lán úr landssjóði þannig, að bærinn endrgjaldi og greiði vexti af þessu fè með því að borga árlega í 28 ár 6 krónur af hverju hundraði króna, sem lánið upphaflega nemr.

Brèf landshöfðingjans (til amtmannsins yfir norðr- og austrumdæminu). **38** 26tta nóvbr.

Tilkynt, að 3 kassar með bókum, er hafa verið gefnar amtsbókasafninu á Akreyri frá Ameriku í tilefni af þúsundára-hátíðinni, hafi komið til utanríkisstjórnarinnar í Kaupmannahöfn, og verði geymdir þar, þangað til að þeim að vori verði komið með skipi beinlínis til Akreyrar.

Brèf landshöfðingjans (til beggja amtmanna). **39** 27da nóvbr.

Ráðgjafinn fyrir Ísland hefir 6. þ. m. ritað mèr á þessa leið:

«Hin nýja reikningseining, sem lögleidd var með peningalögum frá 23. maí 1873 verðr að við hafa eptir 1. janúar 1875, þá er þinggjöld og önnur gjöld til landssjóðsins eru heimtuð saman, og skal með tilliti til þess þjónustusamlega tjáð herra landshöfðingjanum til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir öllum íslenzkum gjaldheimtumönnum:

Öllum tollum og gjöldum, sem árlega er jafnað niðr eðr reiknað eptir verðhæðum, er árlega eru tilteknar, t. d. verðlagsskrám, skal frá árinu 1875 jafna niðr í hinum nýu peningum, enda mun upphæð sú, sem niðr á að jafna, og verð það, sem reikna á eptir, verða ákveðið í þeim. Sè þar í mót tollr eðr gjald í lögunum ákvarðað í peningum, sem hingað til hafa verið gjaldgengir, skal einnig eptir lögleiðingu hinnar nýu reikningseiningar við hafa hinn eldri peningareikning til að reikna tolla þá og gjöld, er hinir einstöku gjaldþegnar eiga að gjalda, en þar eptir á að breyta gjöldunum á þann hátt, sem fyrirskipað er í 18. grein peningalaganna, og skal við það athuga, að brot af skildingi gjörist að 1 skildingi, ef þau eru meiri en $^1/_2$ skildingr, en annars að $^1/_2$ skildingi.

Öllum tollum og gjöldum, sem falla til greiðslu eptir 1. janúar, skal breyta til krónupeninga án tillits til tíma þess, er gjöldin greiðast fyrir, og eins verðr að breyta samkvæmt 18. grein peningalaganna öllum tolla- og gjaldaskuldum frá fyrri gjalddögum, sem ekki er búið að greiða innan 1. janúarm. 1875.

Enn skal athugað, að aldrei á að taka brot af aurum í reikninga, og er loksins því við bætt, að í reikningum þeim, sem samdir verða eptir 1. janúar 1875, en snerta undangengið tímabil, skal við hafa peningareikning þann, er hingað til hefir verið í gildi».

Þetta er með þessu tjáð herra amtmanninum til leiðbeiningar og birtingar fyrir gjaldheimtumönnunum í umdæmi yðar.

Hinn 2. desember 1874.

Reykjavík 1874. Prentari: Einar Þórðarson.